



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 24. maí 2016

Niðurstöður athugunar á líftíma eigna og skuldbindinga samtryggingardeildar Stafa lífeyrissjóðs

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á eigna- og skuldbindingajöfnuði samtryggingardeildar Stafa lífeyrissjóðs í október 2015, einkum líftíma eigna og skuldbindinga. Markmið athugunarinnar var að skoða flökt sem var á meðallíftíma skuldbindinga sjóðsins samkvæmt álagsprófum Fjármálaeftirlitsins fyrir árin 2012 til 2014 og fá innsýn í það hvernig sjóðurinn fylgist með meðallíftíma eigna og skuldbindinga.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í maí 2016. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að villa var í útreikningum sem sjóðurinn sendi til Fjármálaeftirlitsins við regluleg skýrsluskil vegna álagsprófa fyrir árið 2013. Fjármálaeftirlitið fór fram á að sjóðurinn tryggi að fyllstu varkárni verði framvegis gætt við skýrsluskil. Villan olli því að meðallíftíma skuldbindinga í álagsprófi árið 2013 virtist þó nokkuð frábrugðinn meðallíftíma skuldbindinga í álagsprófunum fyrir árin 2012 og 2014. Hefur sjóðurinn nú þegar skilað inn leiðréttri skýrslu og gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við leiðrétt skýrsluskil.